

## Skattabreytingar

Innlegg á upplýsingafundi

Garðar Valdimarsson, hrl. lögg. end  
9. desember 2009



1962	Ný lög/ grunnur að stjórnkerfi skattsins: 1 rsk og 9 skattstjórar
1970-71	Skattanefnd fjármr. vegna EFTA aðildar/skattlagning atvinnurekstrar
1973	Skýrsla um heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins
1975	Greinargerðir um staðgreiðslu opinberra gjalda og virðisaukaskatt
1978	Ný lög um tekju- og eignarskatt/ reiknað endurgjald
1987	Skatthlutfall félaga lækkað úr 51% í 33% og tekjustofn breikkaður
1988	Upptaka staðgreiðslu
1988	Lög um virðisaukaskatt (upptöku frestað til 1990)

# Fækkun skattþrepa árið 1987

SKATTSTIGAR	GÖMLU LÖGIN	NÝJU LÖGIN
Tekjuskattur til ríkisins	18%	28,5%
	25,5%	
	38,5%	
Útsvar	11%	7,5%

# Fækkun frádráttarliða 1987

## Tekjuskattur til ríkisins/ frádrættir frá tekjum:

- 1) 15% skyldusparnaður ungmenna
- 2) Fargjöld
- 3) Frádráttur á móti hlunnindum í fatnaði, fæði og húsnæði
- 4) Handverkfærafrádráttur
- 5) Helmingur meðlaga með börnum
- 6) Námsfrádráttur
- 7) Giftingarfrádráttur
- 8) Iðgjöld til stéttarféлага
- 9) Iðgjöld af líftryggingu
- 10) Gjafir til menningarmála
- 11) Helmingur húsaleigu

# Skattakerfið eftir kerfisbreytingar níunda áratugarins

- Breiður tekjustofn
- Eitt skatthlutfall hjá einstaklingum (tsk. og útsvar)
- Einfalt og gagnsætt staðgreiðslukerfi
- Breiður tekjustofn félaga
- Eitt skatthlutfall í virðisaukaskatti
- Eitt skatthlutfall í fjármagnstekjuskatti
- Einn ríkisskattstjóri og 9 skattstjórar

# Bandormsfrumvarp 5. desember 2009

- Breytingar á m.a.:
  - Lögum um tekjuskatt
  - Lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda
  - Lög um um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur
  - Lög um tryggingargjald
- Auk þess stóreignaskattur til bráðabirgða

# Tekjuskattur lögaðila

- Tekjuskattur lögaðila þ.e. hlutafélaga og einkahlutafélaga hækkar úr 15% í 18%
- Tekjuskattur sameignar og samlagsfélaga hækkar úr 23,5% í 32,7 %

# Hækkun á tryggingagjaldi í 8,6%

- Lagt er til að atvinnutryggingagjald hækki úr 2,21% í 3,81% eða um 1,6% og verði tryggingagjaldið því samtals 8,6%.

# Hækkun fjármagnstekjuskatts og sett frítekjumark

- Tillaga er um að skattur á fjármagnstekjur hækki í 18% þó verði frítekjumark fyrir vaxtatekjur hjá einstaklingum 100.000 kr. þannig að ekki leggist skattur á þær vaxtatekjur.
- Auk þess eru bætt við allt að 46% skatthlutfalli við arð eigenda hlutafélaga sem vinna hjá þeim.

# Lífeyrissjóðsframlag skattlagt sem laun

- Samkv. 1. mgr. 5. tl. 28. gr. telst framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ekki til tekna.
- Samkv. frumvarpinu er sett 2 000 000 hámark á þá fjárhæð sem launagreiðandi getur greitt sem framlag í lífeyrissjóð fyrir launþega eða sjálfan sig án þess að það verði talið til launatekna hjá viðkomandi.
- Þó skal framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda skv. kjarasamningum ekki teljast til skattskyldra tekna launþega.

# Auðlegðarskattur 1,25%

- Lagður “til bráðabirgða” á nettó eignir skv. í lok áráanna 2009, 2010 og 2011.

# Takmörkuð skattskylda. Upptalning og uppsetning reglna bætt.

- Lagt er til að ákvæði 70. gr. laga um tekjuskatt verði algjörlega endurskoðað.
- Lagt til að yfirleitt verði um brúttóskattlagningu að ræða, nær einnig til söluhagnaðar

# Frestun tekjufærslu miðað við innborganir taki ekki lengur til þjónustu

- Skv. 60 gr. var heimilt að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að miða tekjuuppgjör við innborganir vegna seldrar þjónustu í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu.
- Gildir einnig um dreifingu á skattlagningu björgunarlauna.

# Söluhagnaður

- Lagt er til að bætt verði við skilyrði til frádráttar söluhagnaðar af hlutabréfum hjá félögum, þannig að til að njóta frádráttar verði seljandi hlutabréfanna að hafa átt að minnsta kosti 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söluþegi.
- GRG: Talið rétt að samræmi sé milli íslenskra laga og tilskipunar ESB um móður- og dótturfélög (90/435/EBE)

# Arður/Söluhagnaður: Jafnað á móti tapi

- Samkvæmt 7. gr. b. Í frv. er gerð takmörkun á skattfrelsi arðs milli hlutafélaga með því að áskilja að arðurinn sé notaður til að jafna rekstrartap frá fyrri árum. Skilyrðið gildir þegar um söluhagnað hlutabréfa.
- ***Síðastnefnda ákvæðið um jöfnun á móti tapi fer í bága við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um móður- og dótturfélög (90/435/EEC) sbr. dómur Evrópusambandsdómstólsins frá 12 febrúar 2009 (the Cobelfret case/Case C-138/07)***

# Belgíska ríkið gegn Cobelfret

- “SAMKVÆMT ÞESSU GETA MEÐLIMSRÍKI EKKI EINHLIÐA INNLEITT TAKMARKANIR SVO SEM EINS OG ÞÆR AÐ MÓÐURFÉLAGIÐ SÉ MEÐ SKATTSKYLDUM HAGNAÐI OG ÞANNIG SKILYRT MÖGULEIKANN TIL ÞESS AÐ NJÓTA ÞESS HAGRÆÐI SEM TILSKIPUN 90/435 HEFUR UPP Á AÐ BJÓÐA”

# Belgíska ríkið gegn Cobelfret

- “ÞAR AF LEIÐIR AÐ LÆKKUN SKATTALEGS TAPS MÓÐURFÉLAGSINS GÆTU HAFT ÞAU ÁHRIF AÐ MÓÐURFÉLAGIÐ ER Í RAUN SKATTSKYLT AF ÞESSUM ARÐI Í FRAMTÍÐINNI ÞEGAR ÚTKOMA ÞESS VERÐUR JÁKVÆÐ AFTUR. SLÍK TAKMÖRKUN Á FRÁDRÆTTI VEGNA MÓTTEKINNA ARÐSTEKNA FER EKKI SAMAN VIÐ TILSKIPUN 90/435.”

SKATTSTIGAR	GILDANDI LÖG	BREYT. SKV. FRUMVARPI
Tekjuskattur til ríkisins	24,10%	24,1% upp að 2.400.000 kr.
		27% af næstu 5.400.000 kr.
Annað hvort		33% yfir 7.800.000 kr.
Eða		27% yfir 7.800.000 ef um er að ræða samskattaðan aðila þó ekki af hærri fjárhæð en 2.700.000* * <i>Gildir ekki í staðgreiðslu</i>
Útsvar	13,10%	13,10 %?

# Staðgreiðsla opinberra gjalda

- Gæti orðið erfið og flókin framkvæmd
- Við 4. mgr. 15. gr stgrl. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:  
Launamanni sem starfar hjá fleiri en einum launagreiðanda á sama launatímabili ber að upplýsa launagreiðendur um rétt innheimtuhlutfall í staðgreiðslu, sbr. 9. gr. þannig að afdráttur verði með sem réttustum hætti.
- Ábyrgðinni er hér varpað yfir á launamann um að halda utan um rétt staðgreiðsluskil ef hann vinnur hjá fleirum en einum launagreiðanda sbr. breytingu á 22. gr.:

# Staðgreiðsla opinberra gjalda

## Danmörk:

- Fyrirframálagning á hverju ári þar sem skattyfirvöld útbúa skattkort fyrir hvern gjaldanda þar sem fram kemur ein staðgreiðsluprósentu sem notuð er af launagreiðanda hans.

## Svíþjóð:

- Staðgreiðslu er haldið eftir samkvæmt sérstökum töflum sem skattyfirvöld útbúa en þessar töflur eru gerðar til þess að unnt sé að nálgast endanlega álagningu með sem nákvæmum hætti

## Noregur:

- Þar eru notaðar skatttöflur og frádráttarkort sem launagreiðandi getur byggt á

# Staðgreiðsla opinberra gjalda

## Ísland:

- Annar útreikningur í staðgreiðslu en álagningu
- Engin skattkort?
- Ábyrgðinni varpað yfir á launþegann
- Menn sem vinna hjá fleiri en einum?
- Fólki í hjúskap?
- Menn sem byrja eða hætta að vinna á árinu?

# Arðsúthlutun skattlögð sem laun.

- *Nýr málslíður við 1. mgr. 11 .gr.: “Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.”*

# Arðsúthlutun skattlöggöð sem laun.

## Hvers vegna?

- Grg.:
- “Brögð hafa verið að því að launagreiðslum til ráðandi aðila hafi verið haldið í lágmarki á sama tíma og greiddur hefur verið verulegur arður úr félögunum”

# Arðsúthlutun skattlögð sem laun.

Hverjir eru “ráðandi aðilar” í hlutafélögum?

Reglur RSK:

Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess

**Eða**

ef hann á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna.

# Arðsúthlutun skattlöggöð sem laun.

Til hvaða stétta ná reglur um reiknað endurgjald?

Reglur RSK:

- lyfjafræðingar, lækningar,
- tannlækningar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, verkfræðingar,
- ráðgjafar og aðrir sérfræðingar, m. a. á tölvusviði, í fjármálaráðgjöf og
- verðbréfaviðskiptum.

# Arðsúthlutun skattlögð sem laun.

Reglur RSK frh.:

- manna sem vinna við iðnaðar - og iðjurekstur,
- verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu,
- framleiðslu landbúnaðarvara, verktakastarfsemi, og þjónustu.

# Arðsúthlutun skattlögd sem laun.

Reglur RSK frh.:

- blaðamanna, fréttamanna og dagskrárgerðarmann, þeir sem starfa við
- bóka- og blaðaútgáfu, kvikmyndagerð, listamenn, skemmtikraftar o. fl.
- iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum o.s. frv.

# Arðsúthlutun skattlögð sem laun.

Maður þarf að eiga ráðandi hlut í félaginu

Maður þarf að starfa hjá félaginu

Arðsúthlutun félagsins þarf að fara fram úr 20% af skattalegu eigin fé þess í árslok fyrra árs

Um þarf að vera að ræða arð samkvæmt lögum um hlutafélög eða einkahlutafélög

# Arðsúthlutun skattlögð sem laun.

Reglan tekur gildi 1. janúar 2010 og nær því til hagnaðar sem myndast á því ári og síðar.

Það reynir því fyrst á hana við úthlutun arðs á árinu 2011 með viðmiðun við árslok 2010

Breyta verður ákvæðum 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. með jákvæðum hætti

Ummæli í greinargerð nægja ekki til þess að gera þessar greiðslur tryggingargjaldsskyldar

# Samanburður skattkerfa

	Lok níunda áratugarins	2010?
Tekjustofn	Breiður	Breiður
Skatthlutföll manna	1	3
Staðgreiðslukerfi	Einfalt	Flókið
Þrep í virðisaukaskatti	1	3
Þrep í fjármagnstekjum	1	3
Skattstjórnin	1 RSK og 9 skattstjórar	1 RSK

# Deloitte.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu and its member firms.

Member of  
**Deloitte Touche Tohmatsu**